

**Nr. 033 / 13 Fjóla BA 150****Strandar í Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 1192  
 Smíðaður: Fáskrúðsfjörður 1971, eik  
 Stærð: 28 brl. 26 bt.  
 Mesta lengd: 17,03 m Skráð lengd: 15,50 m  
 Breidd: 4,50 m Dýpt: 1,94 m  
 Vél: Gardner 127 kW, 1970  
 Fjöldi skipverja: 1



Fjóla©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*


**Atvikalýsing:**

Þann 26. apríl 2013 var Fjóla BA 150 á siglingu á norðanverðum Breiðafirði. Veður: Logn, ládautt.

Fjóla var á siglingu í Norðurflóa og var skipstjóri að kanna siglingaleið yfir Skálanesgrunn. Upp úr kl. 12:00 þegar báturinn var staddur 2 sml. í r.v. 80° frá Skarfakletti strandaði hann. Báturinn lagðist á hliðina á fjörunni, sem var kl. 13:23, og komst þá sjór í hann. Maður á slöngubát fór frá Reykhólum á strandstað og tókst þeim að þurrka bátinn með dælum frá landi. Var honum siglt inn á Stað og síðan til Stykkishólms þar sem hann var dreginn á land.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagði að það hafi verið stafalogn og spegilsléttur sjór. Hann hafi verið að koma úr verkefni í Skáleyjum og því kjörið að kanna svæðið því hann vissi að fyrirbyggjandi mælingar í sjókortum væru ekki fullnægjandi. Hann þurfi að vera kunnugur svæðinu vegna starfa sinna;
- að stórstraumsfjara var kl. 13:23 í Flatey með sjávarhæð -0,1. Flóðmunur flóðs og fjöru er 4,7 metrar;



Kort, án dýpistalna, sýnir siglingaferil

- að djúprista í hælinn var 2,6 metrar að sögn skipstjóra;
- að skipstjóri sagðist hafa verið búinn að dóla þarna á grunninu um tíma á misjafnlega hægri ferð og fundið grynningu vestar sem hann hefði ekki vitað af og merkt hana í kortagrunninn. Það hafi verið farið að dýpka aftur þegar hann renndi upp á steininn eða grunnið en það er dýpra upp í það vestan frá;
- að siglingahraði samkvæmt ferilskráningu úr AIS kerfinu var 4,8 hnútar en tæpri mínútu áður 2,4 hnútar;
- að skipstjóri sagði að eftir að báturinn var orðinn fastur hafi hann gert lekaleit en engan leka fundið. Þegar báturinn var farinn að halla skálkaði hann lestarlúgu og lokaði öllum leiðum sem sjór gæti fallið um inn í bátinn. Hann vissi að rúmur klukkutími væri frá því að hann strandaði og fram að fjöru og færi að falla að aftur. Áður en báturinn fór að rétta sig aftur hafði sjór fallið yfir lunningu og inn að lúgukarmi. Skipstjóri taldi að sjór sem komst í bátinn hafi komið með auka stjórnþækjum bátsins sem voru á stjórnborðslunningu og líklega einnig meðfram einstaka þilfarsstytum;
- að skipstjóri hafði orð á því að það hafi verið gáleysi af sér að stranda þarna þar sem hann átti að vita að þarna væri einhvers staðar boði. Hann sagðist vera orðinn samdauna þessu svæði þar sem hann væri dags daglega að sigla þar sem ekki er meira en einn til tveir metrar undir kjöl.

#### *Nefndarálit:*

Orsök atviksins má rekja til aðgæsluleysis skipstjóra.